



Vinnuvernd á barnadeild

Þema blaðsins að þessu sinni er barnahjúkrun og því er ætlunin að ræða nokkur atriði sem máli skipta í vinnuumhverfinu á barnadeild og almennt í starfi á sjúkrahúsum.

Það sem einkennir barnadeildir er að sjúklingarnir eru börn eða unglingar og væntingar þeirra sjálfra og aðstandenda oft á tíðum aðrar en þegar um fullorðna eða aldraða er að ræða.

Nú á dögum er lögð áhersla á að foreldrar eða aðrir nánir aðstandendur séu sem mest með börnunum inni á deildunum og hefur orðið algjör viðhorfsbreyting frá því sem áður var þegar foreldrum var meinað að vera hjá veikum börnum sínum. Þetta sýnir glögggt að mannleg þekking er ævinlega í molum og eitthvað sem þykir skynsamlegt núna mun þykja rangt síðar. Mikil og nán samskipti við foreldra og aðra aðstandendur veikra barna er vandasamt verkefni sem þarf að takast á við í umönnun veikra barna. Áhyggjur foreldra og viðbrögð barnanna sjálfra við veikindunum leggjast einnig á herðar þeirra sem annast þau.

Það fylgir því mikil ábyrgð að annast veik börn, engu má skeika hvorki í lyfjagjöfum né annarri umönnun, og þegar bati er ekki í sjónmáli er erfitt að finna huggun fyrir þá sem næstir standa. Þessu fylgir andlegt álag fyrir alla sem nærri koma.

Fjölmargt annað mætti nefna sem taka þarf tillit til í vinnuumhverfinu á barnadeild. Smithætta, meðhöndlun krabbameinslyfja og líkamleg áreynsla við mismunandi góðar vinnuáðstæður eru þar á meðal.

Það er með ráði gert að fjalla ekki sérstaklega um *hjúkrun* á barnadeild í þessum pistli heldur umönnun veikra barna í víðum skilningi. Kveikjan að efninu er nýleg grein sem birtist í *Journal of Clinical Nursing*.¹ Þar er fjallað um hjúkrun barna og samstarf við umönnun, ögranir og þá möguleika sem fyrir hendi eru. Þegar nýr barnaspítali er risinn á lóðinni við Hringbrautina er ekki úr vegi að skoða hvort vinnuskipulagið og samstarf hópanna, sem að umönnuninni standa, kynni að þarfnast endurskoðunar og endurnýjunar.

Í fyrrnefndri grein er lögð áhersla á að engin ein starfsstétt í umönnun geti lengur leyst vandasöm og flókin verkefni upp á eigin spýtur. Til þess að þjónustan verði eins og best verður á kosið þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Samvinna þarf að koma í stað samkeppni. Þetta sjónarmið er ólíkt þeirri stefnu sem áður ríkti á sjúkrahúsum og kalla mætti einstefnu, þ.e. hver starfsstétt starfaði út af fyrir sig að afmörkuðum verkefnum. Hin nýja stefna er fjölgreinakerfi þar sem starfsstéttirnar viðurkenna að aðrir starfshópar hafa sitthvað mikilvægt til málanna að leggja.

Þessi viðhorf eru engan veginn ný. Umræðan hefur verið lengi í gangi en ýmsar hindanir hafa verið í veginum fyrir því að hrinda breyttu vinnuskipulagi í framkvæmd og auka samstarf á jafnréttisgrundvelli milli starfshópa á sjúkrahúsum.

¹ Gerard Kenny (2002). Children's nursing and interprofessional collaboration: Challenges and opportunities. *Journal of Clinical Nursing*, 11, 306-313.

Helstu hrindranirnar geta verið: Mismunur valds og aðgengi hópa að fjármagni eða hlunnindum, raunverulegur eða hugrænn mismunur á stöðu (status), menntun og þekkingu, fólk kemur úr mismunandi þjóðfélagshópum, er af mismunandi þjóðernum og af ólíku kynferði. Allir þessir þættir fléttast saman þegar um mannleg samskipti er að ræða og geta staðið í vegi fyrir skilvirkri samvinnu um að ná því sameiginlega markmiði að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra sem besta þjónustu.

Í grein Kennys er sett fram sú skoðun að samvinna í stað samkeppni eða einstefnu sé vænlegust til að skila meiri árangri og betri líðan starfsfólks. Mikilvægt sé líka að fá foreldra sjúkra barna og börnin sjálf til að taka virkan þátt í áætlanagerð og framkvæmd. Kenny segir: Í víðasta skilningi er samstarf og þátttaka aðferð til að fá bandamenn. Nánustu bandamenn þeirra sem veita umönnun eru þeir sem umönnunarinnar eiga að njóta. Þess vegna skiptir miklu máli að efla ekki aðeins samstarf milli starfshópa heldur einnig við foreldrana og börnin sjálf.

Vinnueftirlitið gekkst fyrir morgunverðarfundum um vinnutengda streitu 21. október. Um 300 manns sóttu fundinn svo að sýnt var að efnið vakti áhuga margra. Þeir, sem vinna á barnadeild, hafa ærna ástæðu til að finna fyrir vinnutengdri streitu a.m.k. á álagstímum. Þá skiptir miklu að vera ekki einn á ferð heldur njóta sjálfur þeirrar aðhlyningar sem samstaða og góð samvinna veitir.